



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 29. mars 2021 kl. 20:00 í Bolholti 6 og með Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Védís Guðjónsdóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Katrín Baldursdóttir, Viggó K. Jóhannsson, Laufey Líndal Ólafsdóttir og Guðmundur Auðunsson. Margrét Pétursdóttir úr kjörnefnd og Lillý Ásrún Birkisdóttir úr félagastjórn voru gestir fundarins.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur verið samþykkt.

2. Starf kjörnefndar

Til stendur að stofna netfang sem fyrst til að taka við tillögum að frambjóðendum. Vinnan í nánustu framtíð var rædd.

3. Fundarstjórn og starfsreglur

Rætt var um athugasemdir við tillögur Katrínar og Guðmundar.

4. Starf félagastjórnar

Lillý sagði frá stöðu mála varðandi trúnaðarmenn, velt var upp hvort framkvæmdastjórn ætti að taka málið að sér og umræður fóru fram um það. Úthringingar trúnaðarmanna eru þó að fara í gang.

5. Áfram veginn og ekkert stopp: Efling starfseminnar

Katrín er að leiða Stéttahópinn/Verkalýðsráðið. Fjölgun var á fundi Ungra sósíalista og eru þau að skrifa manifestó. Talað var um að vera dugleg að bjóða fólki á Facebook-síðu flokksins. Haldið verður áfram að ræða málið á næstu fundum.

6. Fjármál

Flokkurinn: 4.154.918 kr., kosningasjóður: 1.032.980 kr., Maístjarnan: 2.276.521 kr., bankatrygging
Maístjörnu fyrir leigu húsnæðis: 1.200.000 kr.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.